

AUGLÝSING

frá forsætisráðuneytinu.

Davíð Oddsson forsætisráðherra getur af heilsufarsástæðum ekki gegnt störfum um stundarsakir. Í forföllum hans gegnir Halldór Ásgrímsson utanríkisráðherra störfum forsætisráðherra.

Forsætisráðuneytinu, 27. júlí 2004.

F. h. r.
Ólafur Davíðsson.

LÖG

um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, samkeppnislögum, nr. 8/1993, o.fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

2. mgr. 6. gr. útvarpslaga, nr. 53/2000, orðast svo:

Menntamálaráðherra skipar þrjá menn í útvarpsréttarnefnd til fjögurra ára og jafnmarga til vara. Tveir skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Hæstaréttar en einn skipar ráðherra án tilnefningar og skal hann jafnframt vera formaður nefndarinnar. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og skal varamaður formanns jafnframt vera varaformaður nefndarinnar. Nefndarmenn og varamenn þeirra skulu uppfylla starfsgengisskilyrði héraðsdómara. Nefndinni er heimilt að kalla sér til ráðgjafar og aðstoðar sérfróða aðila eftir því sem hún telur þörf á.

2. gr.

Lög nr. 48/2004, um breytingu á útvarpslögum, nr. 53/2000, og samkeppnislögum, nr. 8/1993, falla brott.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 27. júlí 2004.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Halldór Ásgrímsson.